

**Skógarvörðurinn á Vesturlandi:**

**Á R S S K Ý R S L A**

**1 9 9 3**

## ÁRSSKÝRSLA 1993

### 1. VEDURFAR.

Veturinn (des.-mars) var umhleyplingasamur og var meðalhiti hans aðeins undir meðallagi. Apríl var hagstæður, en maí var óvenju kaldur og úrkomusamur. Á Brekku í Norðurárdal, sem er næsti bær við Hreðavatn, mældist úrkoman í maímánuði 198 mm, sem er meira en fjórföld meðalúrkoma. Sumarið var mjög kalt. Júní var 1°, júlí um 2° og ágúst um 1 1/2° undir meðallagi. September var aftur á móti um 1° yfir meðallagi. Haustmánuðirnir báðir mældust vel yfir meðallagi. Úrkoma í júní og júlí var aðeins 55 mm á Brekku og afar lítið var í Hreðavatni allt til ágústloka. Sumarið var mjög hægviðrasamt, einkum þó september. Veðurlýsingar þessar eiga við innsveitir á Vesturlandi og Vestfjörðum.

### 2. VÖXTUR.

Þrátt fyrir kalt vor taldist birkiskógurinn við Hreðavatn laufgaður viku af júní, og fallinn var hann í byrjun október. Vöxtur barrviða var góður. Fræþroski var mjög lélegur og mikið af birkiflugu í fræinu. Aðfaranótt 11. ágúst gerði hörkufrost, og fór frostið niður í 4.4 stig í skýli í Stafholtsey. Þá frusu víða árssprotar á sitkagreni, blágreni og reyndar líka á rauðgreni. Í október fór ég með Guðmundi Halldórssyni vestur í Dali og fannst þá sitkalús bæði í Hvammi og Ytrafellsgirðingu.

### 3. STARFSFÓLK.

"Útgerðin" hófst 1. júní og stóð til 3. september. Auk Birgis verkstjóra og ráðskonu, sem var í hálfu starfi, voru hér 3 piltar úr héraðinu að jafnaði. Naumlega skammtað rekstursfé veldur því, að nýting aðstöðu og fjármuna verður sorglega slæm.

Samkvæmt vinnuskýrslum var tímafjöldi lausráðsins fólks sem hér segir:

	Dv.	Ev.	Vinnuvikur
Ráðskona	252	78	6.30
Aðrir lausráðnir 1990	380	380	49.75
Samtals	2242	458	56.05

### 4. GIRÐINGAR.

Girt var beggja vegna þjóðveggarins, sem klýfur Skógalandið í tvennt, og endurgreiddi Vegagerð ríkisins þann kostnað.

Eins og getið er í skýrslu síðastliðins ár, fékkst heimild til þess að girða sunnan Haukadalsár og friðast þá landið beggja vegna árinna, auk þess sem girðingarstæðið er þar miklu betra. Girt er í kletta, sem ganga fram í ána til beggja enda. Þessi kafli varð 850 m

langur. Norðan árinna var girtur 250 m kafli, úr kletti við ána í gamla landamerkjagirðingu milli Brautarholts og Laxaborgar. Þá var gamli landamekjaskurðurinn grafinn upp og annar skurður grafinn þvert á hann þar sem mýrin er lægst. Fæst mikil framræsla við þetta, auk þess sem gott girðingar- og vegarstæði fæst, þegar búið er að ýta út uppgreftinum.

Að vanda var farið með flestum girðingum í vor. Sumar girðingar hafa þó verið vanræktar um nokkurra ára skeið, vegna fjárskorts og eru okkur til vansa.

#### 5.SKÓGARHÖGG.

Nokkuð var unnið að grisjun, aðallega í Jafnaskarðsskógi og viðurinn fluttur heim að skemmu og bíður þar úrvinnslu.

Jólatré voru höggvin sem hér segir í Jafnaskarðsskógi og Norðtunguskógi:

Stærðarflokkur	Rauðgreni	Stafafura
0.70-1.00	11	2
1.01-1.25	39	23
1.26-1.50	47	24
1.51-1.75	44	30
1.76-2.00	27	13
2.01-2.50	20	7
2.51-3.00	8	1
<hr/>		
Samtals	196	100
<hr/>		

#### 6.GRÓÐURSETNING.

Gróðursettar voru alls 22.805 plöntur.

Í Norðtunguskógi:

Rauðgreni, Rana (832127), 2/4 berr. V. 4.000

Á Litla-Skarði:

Sitkagreni, Seward (910002), 3/0 Fp 35 V. 3.010  
 Fjallapínur, San Isabel (910008) 1/1 Fp 35 T. 1.120  
 Blágreni, Rio Grande (910007) 2/0 Fp 40 T. 1.000  
 Alaskaösp Ýmis kv. 0/2 Fp 35 1.840

Á Hreðavatni:

Stafafura, Taraldsøy (900004) 2/0 Fp 40 T. 3.760  
 Sitkabast. Seward (910004) 2/0 Fp 35 H. 7.200

Í Jafnaskarðsskógi:

Fjallapínur San Isabel (910008) 1/1 Fp 40 T. 875

#### 7. HIRÐING.

Lítið var unnið að hirðingu í sumar, og er það mjög bagalegt. Fyrir bragðið verða höggvin færri jólatré á næstu árum. Er slæmt að geta ekki nýtt þennan tekju möguleika.

#### 8. BYGGINGAR.

Eftir velheppnaða borun eftir heitu vatni í landi Bifrastar, komst skriður á hitaveitumál í Norðurárdal og var stofnað Hitaveitufélag Norðdælinga. Lögð var áhersla á það sem flestir bæir gerðust aðilar að framkvæmdinni. Samkomulag varð milli eigenda Hreðavatns og S.r. um að skipta kostnaði þannig, að eigendur greiddu 70% en S.r. 30%. Eigendur taka lán til 10 ára í Stofnlánadeild landbúnaðarins fyrir sínum hlut. Þeir greiða árlegar afborganir en S.r. árlega vexti. Framkvæmdir tókust vel og reynslan góð.

Eins og getið var í ársskýrslu fyrra árs var lagt að S.r. að gerast aðili að hitaveitu í Þverárhlíðarhreppi. Undanfarin ár hefur Félag ísl. náttúrufræðinga leigt Skógarkot mánuðina júní-september. Nú var gert samkomulag við FÍN um leigu á Skógakoti næstu 5 sumrin og leigan greidd fyrir fram. Þannig tókst að fjármagna þátttöku S.r.

#### 9. VÉLAR OG VERKFÆRI.

Keyptur var rafknúinn viðarkleyfir, og hefur hann þegar sannað gildi sitt. Annað var ekki keypt.

#### 10. ÝMISLEGT.

Fyrir utan ferðir um Mýrasýslu og Dali, fór ég eina ferð um Snæfellsnes og eina ferð um Vestfirði.